

**Fylgiskjal með álitum umboðsmanns Alþingis  
í tilefni af frumkvæðisathugun vegna húsnæðisvanda utangarðsfólks í Reykjavík**

**- Húsnæðisúrræði í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík -**

Meðal þess sem kom fram við frumkvæðisathugun umboðsmanns vegna húsnæðisvanda utangarðsfólks er að það hefur komið í hlut Reykjavíkurborgar umfram önnur sveitarfélög að fjalla um málefni húsnæðislausra. Af hálfu borgarinnar var því borið við að hluti þeirra einstaklinga sem hafa verið húsnæðislausir í Reykjavík síðustu misseri og hafa leitað í úrræði þar eigi lögheimili og/eða hafi áður dvalið í öðrum sveitarfélögum. Í umfjöllun fjölmiðla hefur jafnframt komið fram að þessir einstaklingar hafi farið til Reykjavíkur m.a. vegna skorts á viðeigandi úrræðum í viðkomandi sveitarfélögum. Í ljósi þessara upplýsinga ákvað umboðsmaður með bréfi, dags. 29. desember 2017, að óska eftir neðangreindum upplýsingum frá 15 fjölmennustu sveitarfélögum utan Reykjavíkur:

Í fyrsta lagi var óskað upplýsinga um þau almennu úrræði sem standa íbúum sveitarfélagsins til boða, þ.e. fjölda slíkra úrræða, fjölda þeirra sem voru á biðlista 1. desember 2017 og hvaða viðmiðum sé fylgt um möguleika þeirra sem eru í áfengis- og/eða vímuefnaneyslu til að fá úthlutað húsnæði.

Þar sem athugun umboðsmanns hafði einkum beinst að bráðum húsnæðisvanda einstaklinga var í öðru lagi sérstaklega óskað eftir upplýsingum um hvort og þá hvaða nánar tilteknu sértæku úrræði standa íbúum sveitarfélagsins til boða innan marka þess, hvar þau eru staðsett, fjölda þeirra rýma sem þar eru í boði, hversu margir nýta þau og hversu margir eru á biðlista eftir þeim. Ef slík úrræði stæðu íbúum sveitarfélagsins ekki til boða var óskað eftir að sveitarfélagið upplýsti umboðsmann um hvernig brugðist er við þegar upp koma slík tilvik og lýstu þá sérstaklega afstöðu sinni til þess hvernig sú lausn samræmist skyldum þess á grundvelli laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í þriðja lagi var óskað upplýsinga um hvort á vegum sveitarfélagsins sé starfrækt einhvers konar neyðarúrræði, á borð við Gistiskýlið eða Konukot í Reykjavík. Ef svo væri þá var jafnframt óskað upplýsinga um fyrirkomulag þess, s.s. þann fjölda einstaklinga sem að jafnaði nýtir neyðarúrræði á vegum sveitarfélagsins til langdvalar og hversu margar nætur viðkomandi einstaklingur/einstaklingar dvöldust í viðkomandi úrræði á árinu 2017. Jafnframt var óskað eftir að fram kæmi hvort fyrirbyggjandi séu upplýsingar um þá sem taldir voru heimilislausir í sveitarfélaginu á árunum 2016 og 2017, skipt eftir mánuðum.

Loks var óskað upplýsinga um hvort sveitarfélagið hafi sett sér reglur um annars vegar félagslegt húsnæði eða annan almennan húsnæðisstuðning og hins vegar sértæk húsnæðisúrræði, ef slík úrræði eru á annað borð starfrækt innan sveitarfélagsins. Hefðu slíkar reglur verið settar var óskað eftir að umboðsmanni yrði afhent afrit af þeim.

Óskað var eftir að svör sveitarfélaganna við fyrirspurninni bærust ekki síðar en 31. janúar 2018. Síðustu svörin bárust hins vegar ekki fyrr en undir lok marsmánaðar. Að auki var í bréfum sumra sveitarfélaganna ekki að finna svör við öllum framangreindum spurningum eða svörin voru á einhvern hátt ekki nægilega skýr til þess að hægt væri að byggja á þeim. Varðandi þær spurningar sem umboðsmaður taldi mikilvægt að fá afgerandi svör við var af því tilefni haft samband við fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga í síma og óskað skýrari svara.

Framsetning svara sveitarfélaganna var með þeim hætti, og þá e.t.v. í ljósi eðlis athugunarefnisins, að ekki er unnt að setja þau fram á einfaldan tölulegan hátt, t.d. í töflu, svo skýrt verði. Sem dæmi má nefna svör sem kveða á um að ekki séu formlegar takmarkanir á að einstaklingar með fíknivanda fái úthlutað almennu félagslegu leiguhúsnæði en hins vegar sé fylgt ákveðnu verklagi við úthlutun þannig að möguleikar þeirra séu í raun takmarkaðir að einhverju leyti. Þá var ljóst af svörunum að sveitarfélögin lögðu t.d. mismunandi skilning í hvað telst til almenns félagslegs leiguhúsnæðis á grundvelli 45. gr. laga nr. 40/1991 og var misjafnt hvort sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk og aldraða var þar talið með eða ekki. Þá virðist í sumum tilvikum hafa reynst vandkvæðum bundið að veita óbyggjandi svör um hvort einhverjir íbúar sveitarfélagsins verði skilgreindir sem húsnæðislausir, m.a. þar sem ekki fáist full víska um dvalarstaði þeirra einstaklinga sem eru skráðir óstaðsettir í hús. Er því ákveðið að fara hér þá leið að gera stutta samantekt úr svörum sveitarfélaganna um þau atriði sem tilefni þykir til svo að það endurspegli með sem bestum hætti stöðuna varðandi húsnæðisúrræði innan þeirra. Svörin eru sett fram eins og þau birtast af hálfu sveitarfélaganna sjálfra og er því ekki um að ræða að svörin séu túlkuð af hálfu umboðsmanns eða með öðrum hætti dregnar ályktanir af þeim. Þá er aðeins birt úr svörum sveitarfélaganna það sem fellur undir og hefur þýðingu fyrir umfjöllunarefni álitsins.

---

## Akraneskaupstaður

---

- Svar Akraneskaupstaðar barst með bréfi, dags. 23. janúar 2018.

### Almenn úrræði

Í svari Akraneskaupstaðar kemur fram að sveitarfélagið eigi 22 félagslegar íbúðir. Aðilar með fíknivanda geti fengið aðstoð við að komast í meðferð. Ef aðilar hafna því að fara í meðferð og leita leiða út úr sínum vanda muni umsókn viðkomandi ekki vera í forgangi um félagslegt húsnæði hjá Akraneskaupstað. Hins vegar sé einstaklingum sem eru í íbúðum á vegum sveitarfélagsins ekki vísað úr íbúð ef grunur er um áfengis- og/eða vímuefnaneyslu. Leitað sé allra leiða til að styðja viðkomandi í að leita sér aðstoðar eða komast í meðferð vegna þessa vanda.

Á biðlista efir félagslegu húsnæði voru 1. desember 2017 29 einstaklingar/fjölskyldur.

### Sértæk úrræði við bráðum vanda

Ekki eru í sveitarfélaginu sértæk úrræði til að bregðast við bráðum vanda. Í svari sveitarfélagsins er þó upplýst um að starfsmenn félagsþjónustunnar leitist við að bregðast við bráðum húsnæðisvanda einstaklinga og fjölskyldna með því að semja við gistiheimili í sveitarfélaginu um tímabundna lausn.

### Neyðarúrræði og heimilisleysi

Ekki er starfrækt neyðarúrræði vegna húsnæðismála í sveitarfélaginu.

Fram kemur í svarinu að starfsmönnum sveitarfélagsins sé ekki kunnugt um heimilislausa íbúa í sveitarfélaginu og engar upplýsingar liggi fyrir um slíkt, fyrir utan þá sem skráðir séu óstaðsettir í hús í sveitarfélaginu.

### Reglur

Hjá sveitarfélaginu eru í gildi reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar og reglur um sérstakan húsnæðisstuðning á Akranesi. Ekki hafa verið settar reglur um sértæk úrræði við bráðum vanda.